

9. Starfshópur um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla

Oddviti lagði til að leystur yrði upp starfshópur um mótvægisáðgerðir sem skipaður var á 161. fundi sveitarstjórnar hinn 18. desember 2014. Verkefni í tengslum við mótvægisáðgerðir vegna sameiningar á starfsemi Þingeyjarskóla á eina starfsstöð verði þess í stað mótuð á vettvangi sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu til kynningar:

„Sveitarstjórn samþykkir að leggja núverandi skólahús

Litlulaugaskóla undir starfssemi er tengist mótvægisáðgerðum vegna breytinga í skólamállum sveitarfélagsins.

Innviðum húsnæðisins verður ekki breytt með varanlegum hætti á tímabilinu. Bókasafn Reykdæla heldur aðstöðu sinni til að þjónusta íbúa með óbreyttum hætti.

Eldhúsið verður notað til að sinna verkefnum í tengslum við grunnþjónustu sveitarfélagsins og starfsemi sem verður í húsinu.

Þessi samþykkt gildi til næstu tveggja ára og tekin til endurskoðunar innan þess tíma.

Hugmyndin er að húsið verði umgjörð um starfsemi á sviði sköpunar, þekkingar, tækni, hugverka og handverks. Frekari hugmyndir um starfsemi í húsinu og umgjörð hennar verða unnar í samráði við íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að framgangi málsins.“

Lagt fram til kynningar:

- Fundargerð 261. fundar stjórnar Eyþings
- Fundargerðir 167. og 168. fundar HNE
- Fundargerð 19. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Arnór Benónýsson
Árni Pétur Hilmarsson
Heiða Guðmundsdóttir
Ragnar Bjarnason

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50

Margrét Bjarnadóttir
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og
auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálfsiðu er kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk





Faglausn ehf. veitir alla almenna ráðgjöf á sviði mannvirkjagerðar, s.s. áætlanagerð, teikninga og eignaskipti

Einnig aðstoð við uppsetningu gæðastjórnunarkerfa fyrir iðnmeistara og byggingarstjóra.

www.faglausn.is

Sími: 8988302 / 4640455.

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík

Almar Eggertsson, BFI,
löggiltur byggingafræðingur og hönnuður.
Knútur Emil Jónasson,
lögg. byggingariðnfræðingur.

Aðalfundur Búnaðarfélags Bárðdæla

verður haldinn að Kiðagili miðvikudaginn 18. febrúar kl. 13.00
Venjuleg aðalfundarstörf, María Svanprúður mætir á fundinn
með ýmsan fróðleik meðal annars eitthvað um afleiðingar
eldgoss í Holuhrauni
Léttar veitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

5. Flateyjarhöfn – gjaldskrá

Gjaldskrá Flateyjarhafnar tekin til afgreiðslu en samkvæmt 3. gr. hafnarreglugerðar fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa setur sveitarstjórn höfninni gjaldskrá.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá.

6. Starfshópur um framtíðarskipulag í sorpmálum – tillaga til sveitarstjórnar

Afgreiðslu frestað.

7. Dvalarstaður fyrir aldraða – undirskriftarlisti til sveitarstjórnar

Fyrir fundinum liggur undirskriftarlisti frá 46 íbúum Þingeyjarsveitar þar sem þess er óskað að sveitarstjórn hefji undirbúning á byggingu dvalarstaðar fyrir aldraða í sjálfseignarformi í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn þakkar erindið. Sveitarfélagið á hlut í Dvalarheimili aldraðra sf. á Húsavík og er þar í samstarfi ásamt öðrum sveitarfélögum. Á vettvangi þess samstarfs mun sveitarstjórn beita sér fyrir því að þessi möguleiki verði kannaður ásamt fleirum.

8. Samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi

Lagt fram bréf, dags. 21. janúar s.l. frá Eiríki B. Björgvinssyni og Ólöfu H. Jósefsdóttur f.h. starfshóps um framtíðarskipulag og verkefnastjórnar um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Bréfið er sent til allra 18 sveitarfélaga sem í gegnum samning milli Húnaþings vestra, Norðura bs., Flokkun Eyjafjarðar ehf. og Sorpsamlags Þingeyinga standa saman að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Óskað er eftir fulltrúa frá sveitarfélaginu á fund til þess að ræða samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir ásamt sveitarstjóra mæti á fundinn sem fulltrúar Þingeyjarsveitar.

2. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 14.01.2015

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 14. janúar s.l. Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.12.2014

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18. desember s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 4 liðum.

4. liður fundargerðar; Sólvangur í Fnjóskadal, umsókn um stofnun lóða.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðanna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna þær í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.01.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22. janúar s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 6 liðum.

4. liður fundargerðar; Flatey á Skjálfanda, deiliskipulag hafnarsvæðis.

Sveitarstjórn samþykkir að unnið verði deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Flatey skv. erindi sveitarstjóra og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita samninga við skipulagsráðgjafa um gerð deiliskipulags.

5. liður fundargerðar; Svartárvirkjun í Bárðardal, aðal- og deiliskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir að ráðist verði í breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 þar sem skilgreint verði nýtt virkjanasvæði í Svartá í Bárðardal vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda. Einnig samþykkir sveitarstjórn að framkvæmdaaðila verði heimilað að vinna deiliskipulag vegna virkjunarinnar í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 enda sýni hann fram á að hann hafi yfir landréttindum að ráða og væntanlegur skipulagsráðgjafi sé á lista Skipulagsstofnunar yfir þá sem uppfylla hæfiskröfur skv. 5. mgr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Ragnar Bjarnason vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis.

Miðsvetrarfundur

Miðsvetrarfundur Kvenfélags Fnjóskdæla verður mánudagskvöldið 16. febrúar 2015.

Fundarstaður er óviss, en við ætlum að hittast við gatnamótin vestan við brúna (utan við Nes) kl. 19:30. Svo verður ekið út í óvissuna og á fundarstað þar sem bíður okkar ljúft kvöld í notalegu umhverfi sem við ætlum að njóta saman. Vonumst til að sjá ykkur sem flestar og ávallt eru nýjar konur velkomnar í hópinn.

Við biðjum ykkur að tilkynna þátttöku til stjórnar fyrir föstudagskvöldið 13. febrúar.

Hlíf sími 462-2699

Gréta sími 462-6840

Guðný sími 461-2868



Dansæfing



Dansæfing verður í Ljósvefningabúð föstudagskvöldið

20. febrúar frá kl. 20:30-22:30.

Allir hjartanlega velkomnir

Miðaverði 500 kr

Stjórnin



Kyrrðarstund í Þorgeirskirkju

Kyrrðarstund verður í Þorgeirskirkju miðvikudaginn 18. febrúar (öskudagur/föstudyrjun) kl. 20.00. Orð og bæn og ljúfir tónar. Kaffispjall á eftir. Verið velkomin!



Messa Einarstöðum

Messa verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag, 15. febrúar, klukkan 11:00.

Allir velkomnir.

séra Þorgrímur



Fundargerð Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 05.02.2015

163. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 5. febrúar kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Arni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Vatnsveita – framkvæmdir
2. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 14.01.2015
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.12.2014
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 22.01.2015
5. Flateyjarhöfn – gjaldskrá
6. Starfshópur um framtíðarskipulag í sorpmálum – tillaga til sveitarstjórnar
7. Dvalarstaður fyrir aldraða – undirskriftarlisti til sveitarstjórnar
8. Samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi
9. Starfshópur um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla

1. Vatnsveita – framkvæmdir

Veitustjóri mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á vatnsveitu í Laugahverfinu og nágrenni vegna vatnsskorts á svæðinu.



Kynning á deiliskipulagi svæðis umhverfis Goðafoss

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar boðar hér með til almenns kynningarfundar í versluninni á Fosshóli n.k. þriðjudag 17. febrúar kl 16:00.

Kynnt verður tillaga að deiliskipulagi svæðisins umhverfis Goðafoss eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Í deiliskipulaginu eru lagðar línur um fyrirkomulag bílastæða og aðkomusvæðis fyrir bíla og rútur. Jafnframt er ákveðin staðsetning áningarstaða og útsýnispalla ásamt legu göngustíga sem leiða gesti um skipulagssvæðið. Þá er gerð deiliskipulagsins þáttur í undirbúningi að byggingu nýrrar brúar yfir Skjálfafljóti en tilgangur þeirrar framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband á þjóðvegi nr. 1.

Skipulagshöfundar munu kynna deiliskipulagstillöguna og fulltrúi Vegagerðarinnar mun svara fyrirspurnum fundarmanna varðandi fyrirhugaðar brúarframkvæmdir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.
Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar



Tónleikar í Reykjahlíðarkirkju, Mývatnssveit Laugardaginn 14. febrúar klukkan 20:00

Svavar Knútur
og
Menningarfélagið Gjallandi

Kynna:
einstaka kvöldstund.

Hljómur kirkjunnar og flutningur Svavars mun leggja
grunn að góðu kveldi.

Miðaverð 2.000 krónur – verðum ekki með posa.

www.gjallandi.is

VALLAKOT HEIMAVINNSLA

Við hjá heimavinnslnni í Vallakoti verðum með opið í Matarskemmunni á Laugum næstkomandi laugardag 14.02.frá 11.00-15.00.

Þar ætlum við að bjóða valdar vörur til sölu. Ungnautakjöt bæði frosið og ófrosið, vöðvar, hakk og hamborgarar, allt fyrsta flokks kjöt.

Upplagt að kaupa helgarsteikina tilbúna til eldunar full meirnaða og girnilega.

Einnig verða sperðlar og bleikja beint úr kofanum, broddur og fleira.

Kaffi á könnunni og allir velkomnir.

Rúnar og Hanna Magga

Aðalfundur Fjárræktarfélags Reykdæla

verður haldinn í Dalakofanum
mánudagskvöldið 16. feb. kl 20:30.

María Svanprúður mætir og fer yfir skýrslur síðasta árs
og kynsir okkur LAMB.is

Stjórnin.

6.tbl.
12..febrúar
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Þorablót Fnjóskdæla

verður haldið í Stórutjarnaskóla
laugardagskvöldið 21. febrúar 2015
Húsið opnar kl 19:30, borðhald hefst kl 20:30
Hljómsveit Birgis Arasonar leikur fyrir dansi



Diskar, glös og servéttur verða á borðum
en ekki hnífapör
Sjoppan verður opin

Miðaverð 2500 kr. Athugið að ekki er posi á staðnum

Aldurstakmark 16 ár

Þátttaka tilkynnist fyrir klukkan 19:00
fimmtudagskvöldið 29. janúar

Anna/Palli	s: 4626347 / 8616347
Ármann	s: 4626745
Ketill	s: 8949378
Nanna	s: 4626210 / 8626240
Silla	s: 4626177 / 8626177

Sætaferðið frá Akureyri ef næg þátttaka næst
Pantanir í síma 892 2616 (Gunnar)
Brottför frá Hjalteyrargötu 10 kl. 19:30